


# Legurinn Heim



heimat ev  
residência kodu  
asilo  
DİM ev  
residência evkoti jia  
heimat kodu  
domicile

kyha oitri  
rumah isau  
sasalingo ba  
pitri casa  
heim

shtëpi kotijia  
asilo  
shtëpihem katei-no  
māja  
내집  
내집baitt  
māja  
DİM  
DİM  
shtëpi casalingo  
homeisau  
dom

rumah  
domicile  
casalingo  
home

heimat ev  
residência kodu  
asilo  
DİM ev  
residência evkoti jia  
heimat kodu  
domicile

kyha oitri  
rumah isau  
sasalingo ba  
pitri casa  
heim

shtëpi kotijia  
asilo  
shtëpihem katei-no  
māja  
내집  
내집baitt  
māja  
DİM  
DİM  
shtëpi casalingo  
homeisau  
dom

Heimildarmynd um fjölmenningu á Íslandi  
Kennsluleiðbeiningar



## Efnisyfirlit

Um verkefnið .....	3
Verkefni – yngsta stig.....	6
Verkefni – miðstig	
<i>Fordómar, staðalmyndir og misrétti</i>	
Verkefni 1 – Fordómar og staðalmyndir.....	7
Verkefni 2 – Viðbrögð við fordómum.....	10
<i>Miðlun, skynjun og samkennd</i>	
Verkefni 3 – Tengsl.....	12
Verkefni 4 – Hverju get ég breytt?.....	13
<i>Breytingar, áskoranir og tækifæri</i>	
Verkefni 5 – Íslenskir innflytjendur.....	14
Verkefni 6 – Áskoranir í nýju landi.....	15
<i>Fjölmennning, tungumál og önnur lönd</i>	
Verkefni 7 – Íslenska.....	17
Verkefni 8 – Hvað veit ég?.....	20
Verkefni 9 – Hvað er íslenskt?.....	21
Verkefni – unglíngastig	
<i>Fordómar, staðalmyndir og misrétti</i>	
Verkefni 1 – Staðalmyndir .....	23
Verkefni 2 – Fordómar og viðbrögð við þeim .....	25
Verkefni 3 – Forréttindi innfæddra .....	28
<i>Miðlun, skynjun og samkennd</i>	
Verkefni 4 – Í fréttum er þetta helst.....	31
Verkefni 5 – Viðtöl .....	34
Verkefni 6 – Hverju get ég breytt?.....	36
<i>Breytingar, áskoranir og tækifæri</i>	
Verkefni 7 – Áskoranir í nýju landi.....	37
Verkefni 8 – Öryggi.....	39
<i>Fjölmennning, tungumál og önnur lönd</i>	
Verkefni 9 – Íslenska.....	41
Verkefni 10 – Hvað er íslenskt?.....	44

### Vegurinn heim

Heimildarmynd um fjölmenningu á Íslandi  
Kennsluleiðbeiningar

© 2010 Jón Gunnar Ólafsson og Oddný Helgadóttir

Ritstjóri: Aldís Yngvadóttir

1. vefútgáfa

Námsgagnastofnun

Kópavogi

Umbrot og hönnun: Birna Bryndís Þorkelsdóttir og Jóhanna Helga Þorkelsdóttir

Efni ætlað til útprentunar

9936



## Vegurinn heim

*Vegurinn heim* er heimildarmynd um fjölmenningu á Íslandi. Myndinni fylgja kennsluleiðbeiningar sem hafa að geyma ítarlega útfærð verkefni fyrir mið- og unglingastig grunnskóla auk umræðuhugmynda fyrir yngsta stig. Verkefni á unglingastigi gætu einnig nýst á framhaldsskólastigi.

### Heimildarmyndin

Heimildarmyndin byggist á viðtölum við fimm börn innflytjenda á Íslandi. Börnin eru á aldrinum sjö til tólf ára og af ólíkum uppruna, eða frá Póllandi, Taílandi, Kosóvó, Palestínu og Haítí. Í myndinni ræða börnin líf sitt og tilveru hér á landi. Þau tala m.a. um vini, fjölskyldu, skóla, tungumál og fordóma. Myndin er skemmtileg, manneskjuleg, myndin og hentar öllum aldurshópum. Hún er 26 mínútur að lengd.

Erlendar rannsóknir sýna að mikil hætta er á að börn innflytjenda einangrist og verði utanveltu í samfélaginu.<sup>1</sup> Hugsunin með heimildarmyndinni er að veita börnum innflytjenda vettvang til að taka þátt í umræðu um innflytjendur á Íslandi.

### Verkefnin

Verkefnin voru samin með hliðsjón af og til notkunar með myndinni. Þeim er ætlað að dýpka skilning á reynsluheimi barnanna í myndinni, styrkja vitund um margbreytileika í íslensku samfélagi og setja hann í víðara samhengi jafnréttis og mannréttinda. Níu verkefni eru fyrir miðstig og tíu fyrir unglingastig. Verkefni sem bera sama heiti á mið- og unglingastigi eru ekki eins, heldur miðast þau við getu og þroska nemenda á hvoru stigi. Verkefnin eru aðgengileg fyrir kennara, þeim fylgja greinargóðar kennsluleiðbeiningar og skýr markmið. Grein er gerð fyrir áætluðum kennslutíma, nauðsynlegum kennslugögnum og tengslum við námsgreinar. Lykilhugtök eru skilgreind og kennurum er bent á ítarefni vilji þeir dýpka þekkingu sína á viðfangsefninu. Þá er verkefnunum skipt í fjóra flokka sem kennari getur valið að vinna út frá. Flokkarnir eru

- fordómar, staðalmyndir og misrétti
- miðlun, skynjun og samkennd
- breytingar, áskoranir og erfiðleikar
- fjölmennung, tungumál og önnur lönd

Við gerð verkefnanna var gengið út frá hugmyndafræði fjölmennungar. Áhersla er lögð á að rækta gagnrýna hugsun, virkja margvíslega hæfileika og beina athygli að sammannlegri reynslu. Litið er á nemendur sem virka samfélagsþegna sem geta bætt umhverfi sitt enda er eitt grundvallarmarkmið fjölmennungarkennslu að vinna gegn fordómum „í samfélaginu almennt, ekki aðeins innan skólans“.<sup>2</sup> Í kennslu af þessum toga er ekki einblínt á minnihlutahópa og aðlögun þeirra. Áhersla er lögð á að innfæddir lagi sig að breyttu þjóðfélagsformi og læri að sýna samkennd og setja sig í spor annarra. Þá er gert ráð fyrir að

<sup>1</sup> Sjá t.d. OECD. *Where Immigrant Students Succeed – A Comparative Review of Performance and Engagement in PISA*. [http://www.oecd.org/document/7/0,3343,en\\_2649\\_39263238\\_36703111\\_1\\_1\\_1\\_37455,00.html](http://www.oecd.org/document/7/0,3343,en_2649_39263238_36703111_1_1_1_37455,00.html). 2003.

<sup>2</sup> Guðrún Pétursdóttir. *Fjölmennungarleg kennsla: Forvörn gegn kynþáttabatri og fordómum*. 1999, bls. 9; Hanna Ragnarsdóttir. „Fjölmennungarfræði“ í *Fjölmennung á Íslandi*. Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.). Rannsóknarstofa í fjölmennungarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2007, bls 31.

fólk af ólíkum uppruna geti lært margt hvert af öðru. Því er hafnað að það sé einvörðungu ábyrgð innflytjenda að aðlagast nýju samfélagi.<sup>3</sup> Það er í samræmi við nýja strauma í kennslufræði þar sem athygli er beint „að því hversu margþættir mannlegir hæfileikar eru og um leið að því hve mikilvægt er að í skólastarfi sé leitast við að rækta þá alla“.<sup>4</sup>

Dreginn er upp skýr rammi fyrir hvert verkefni, en þau má þó laga að þörfum og getu ólíkra nemenda. Verkefnin eru fjölbreytt og stuðst er við ólíkar kveikjur. T.d. er farið í leiki, rýnt í umfjöllun fjölmiðla, vísað í reynslu nemenda og tekist á við flóknar spurningar. Leitast er við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum og hvatt til sjálfstæðra og skapandi vinnubragða, m.a. er lögð áhersla á samvinnunám og hópstarf. Nemendur taka þátt í hugflæði og stýrðri umræðu, flytja fyrirlestra og rökræða. Þeir leita að heimildum upp á eigin spýtur, taka viðtöl og skrifa ritgerðir. Þá er unnið út frá leiklist og farið í hlutverkaleiki.

Námsefni af þessum toga á brýnt erindi hér á landi. Reynslan sýnir að í fjölmennningarlegum samfélögum Evrópu hafa fordómar gagnvart innflytjendum aukist í efnahagsþrengingum. Innflytjendur verða iðulega blóraböggjar í vaxandi atvinnuleysi og fjárhagsvanda.<sup>5</sup> Því er sérstaklega mikilvægt að kenna umburðarlyndi og samstöðu þegar harðnar á dalnum. Rannsóknir hafa auk þess sýnt að umbóta er þörf í skólastarfi til að koma til móts við vaxandi fjölbreytni í íslensku samfélagi, t.d. hvað snertir menningu, trúarbrögð og tungumál.<sup>6</sup> Margoft hefur verið sýnt fram á að í námsefni birtast ýmiss konar fordómar. Brýnt er að bregðast við ríkri tilhneigingu til að draga upp einhliða og ófullnægjandi mynd af minnihlutahópum.<sup>7</sup>

Nauðsynlegt er að slá nokkra varnagla um notkun þessa námsefnis. Það er samið með hugmyndafræði fjölmenningar að leiðarljósi og áhersla er lögð á að meirihlutinn kynnist margbreytileika íslensks samfélags og átti sig á að menning er afstæð. Markhópurinn er þannig fyrst og fremst innfæddir Íslendingar. Námsefnið á þó ekki síður erindi við innflytjendur og þátttaka þeirra er til þess fallin að ljá kennslunni meiri dýpt. Þegar innflytjendum og innfæddum er kennt saman má hæglega laga verkefnið að því.

## Höfundar

Oddný Helgadóttir og Jón Gunnar Ólafsson hafa bæði lokið meistaranámi í alþjóðasamskiptum frá Háskóla Íslands með fjölmenningu sem sérgrein. Auk þess hafa þau bæði starfað á fjölmiðlum, í prent- og ljósvakamiðlum. Þau hafa skrifað greinar og úttektir um innflytjendamál og skipulagt fundi og málþing um málefni innflytjenda.

Fjöldi kennara og annarra sérfræðinga veitti ráðgjöf við gerð efnisins. Hópur nemenda í kennslufræði félagsgreina við Háskóla Íslands aðstoðaði við hugmyndavinnu á byrjunarstigi. Hildur Björk Pálsdóttir og Jón Þorgeir Kristjánsson lögðu auk þess hönd á plóg við gerð verkefnisins. Kennarar Kvikmyndaskóla Íslands veittu ráðgjöf við gerð myndarinnar og Karl Sigtryggsson aðstoðaði við klippingu og mynd- og hljóðvinnslu. Höfundur tónlistar er David Berndsen og Una Lorenzen gerði hreyfimyndir og grafík. Um grafíska hönnun sáú Birna

<sup>3</sup> Sjá t.d. Guðrún Pétursdóttir. *Fjölmennningarleg kennsla: Forvörn gegn kynþáttabatri og fordómum*. 1999, bls. 36.

<sup>4</sup> Hanna Ragnarsdóttir. „Fjölmenningarfræði“ í *Fjölmennning á Íslandi*. Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstj.). Rannsóknarstofa í fjölmenningarfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan, Reykjavík, 2007, bls 32.

<sup>5</sup> Ingvar Sigurgeirsson. *Að mörgu er að hyggja*. Æskan, Reykjavík, 1999, bls. 28.

<sup>6</sup> Sjá t.d. Guðrún Pétursdóttir. *Fjölmennningarleg kennsla: Forvörn gegn kynþáttabatri og fordómum*. 1999, bls. 44.

<sup>7</sup> Ingvar Sigurgeirsson. *Að mörgu er að hyggja*. Æskan, Reykjavík, 1999, bls. 35.



Bryndís Þorkelsdóttir og Jóhanna Helga Þorkelsdóttir. *Vegurinn heim* var styrkt af Evrópu unga fólksins, Þróunarsjóði innflytjendamála (félags- og tryggingamálaráðuneyti), Hagþenki, Kvikmyndaskóla Íslands, Nýsköpunarsjóði námsmanna og Reykjavíkurborg. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir.

### **Notkun í kennslu**

Heimildarmyndinni er skipt í níu kafla en mælt er með því að nemendur horfi á myndina í heild sinni til að byrja með. Kaflarnir eru eftirtaldir:

1. Kynning á börnunum
2. Fjölskyldan
3. Koman til Íslands
4. Vinirnir
5. Skólinn
6. Hitt landið
7. Tungumálið
8. Fordómar
9. Líkt/ólíkt – munur á Íslendingum og innflytjendum/útlendingum

Þótt öll verkefni tengist heimildarmyndinni þarf ekki að horfa á hana í hvert sinn sem verkefni er unnið. Það nægir að horfa á myndina einu sinni til að geta unnið öll verkefni. Auk þess má horfa á staka kafla í myndinni. Ábendingar um þetta eru í hverju verkefni.



## Verkefni – yngsta stig

Þegar horft hefur verið á myndina mætti leggja eftirfarandi spurningar til grundvallar í umræðum:

Um hvað er þessi mynd?

Hvað er líkt/ólíkt með börnunum í myndinni?

Hvað þýðir orðið innflytjandi?

Hvað er að vera Íslendingur?

Hvers vegna haldið þið að fólk flytji burt frá heimalandi sínu?

Hvað get ég/getum við gert til að krökkunum í myndinni og öðrum krökkum í þeirra sporum líði vel á Íslandi?

Hvernig myndi þér/ykkur líða ef þú flyttir/þið flyttuð burt frá Íslandi?

Einnig mætti hengja upp heimskort í stofunni og sýna nemendum hvaðan börnin í myndinni koma.

Þá er bent á vefinn [www.barnasattmali.is](http://www.barnasattmali.is). Þar má finna umfjöllun um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gagnvirk verkefni fyrir yngsta stig sem styðja vel við efnistösk myndarinnar.



## Verkefni – miðstig

*Fordómar, staðalmyndir og misrétti*

### VERKEFNI 1

#### FORDÓMAR OG STAÐALMYNDIR

**NÁMSGREINAR:** Leiklist, lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla, túss/krit og límmiðar í mismunandi litum

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Fordómar, sjálfsmynd/þjóðerni, staðalmyndir og öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- kynnist því hvernig það er að dæma og vera dæmdur eftir staðalmyndum
- hugsu um ólíkar og misáberandi birtingarmyndir fordóma
- velti fyrir sér hvernig fordómar birtast í íslensku samfélagi
- hugsu um afleiðingar fordóma
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### KENNSLUAÐFERÐ

##### 1. Umræður fyrir leik

Kennari leiðir umræður um fordóma og staðalmyndir og biður nemendur að skilgreina hugtökin. Bekkurinn kemur sér saman um skilgreiningar sem kennari skrifar upp á töflu.

Tillaga að skilgreiningu á fordómum:

Fordómar eru neikvætt eða jákvætt viðhorf til hópa fólks. Orðið vísar til þess að dæmt sé fyrir fram. Fordómar eru safn hugmynda sem gjarnan leiða til eða réttlæta mismunun.<sup>8</sup>

Tillaga að skilgreiningu á staðalmyndum:

Staðalmyndir eru gjarnan skilgreindar sem ýktar hugmyndir um hópa, oftast neikvæðar eða byggðar á fordómum, og notaðar til að réttlæta mismunun.<sup>9</sup>

##### 2. Leikur undirbúinn

Kennari límir punkt í einum af fjórum litum (t.d. grænum – fjólubláum – appelsínugulum – bláum) af handahófi á enni nemenda þannig að þeir viti ekki hvaða lit þeir hafa á enninu. Það sjá allir í bekknum hvaða lit hinir hafa en ekki sinn eigin. Bannað er að segja öðrum nemendum hvaða lit þeir hafa á enninu.

Því næst skrifar kennarinn eftirfarandi punkta upp á töflu:

<sup>8</sup> Sjá t.d. J.E. Farley. *Majority – Minority Relations*. Upper Saddle River, NJ, Prentice Hall, 2000.

<sup>9</sup> Sjá t.d. umfjöllun í lokaskýrslu verkefnisins *Sports Media and Stereotypes* bls. 9–19. Greinina má nálgast á slóðinni: [http://www.jafnretti.is/gogn/ymis/sms\\_final\\_research\\_report.pdf](http://www.jafnretti.is/gogn/ymis/sms_final_research_report.pdf)

Margir halda að grænir ...

- séu alltaf reiðir.

Margir halda að fjólubláir ...

- séu vitlausir.

Margir halda að appelsínugulir ...

- séu alltaf hræddir.

Margir halda að bláir ...

- séu alltaf í fýlu.

Ef kennari telur að þessir punktar séu of flóknir fyrir nemendur getur hann skipt þeim út fyrir aðra einfaldari.

### 3. Fordómaleikur

Nú fá nemendur fimmtán mínútur til að ganga um stofuna og tala við aðra í bekknum til að reyna að komast að því hvaða lit þeir sjálfir hafa á enninu. Nemendur verða að koma fram við hina í samræmi við upplýsingarnar á töflunni. T.d. þarf að vera varkár í samskiptum við græna því þeir eru taldir skapstórir. Nemendur reyna að átta sig á því hvaða lit þeir hafa á enninu með því að lesa í framkomu annarra í sinn garð.

Að fimmtán mínútum liðnum nefnir kennarinn hornin í stofunni eftir litunum fjórum og biður nemendur að fara í horn eftir því hvaða lit þeir telja sig vera með á enninu.

### 4. Umræður eftir leik

Kennari leiðir umræður um leikinn. T.d. getur hann spurt eftirfarandi spurninga:

- Höfðu nemendur rétt fyrir sér um litinn sem þeir voru með á enninu?
- Hvernig reyndu nemendur að komast að því hvaða lit þeir höfðu á enninu?
- Hvernig var komið fram við nemendur?
- Hvernig leið nemendum að vera dæmdir út frá staðalmyndum?
- Hvernig fannst nemendum að dæma aðra út frá staðalmyndum?
- Hvaða hópar í samfélaginu gætu í alvörunni orðið fyrir fordómum af þessu tagi?
- Hvers vegna er fólk með fordóma?
- Hafa nemendur einhvern tíma verið dæmdir út frá staðalmyndum?
- Hafa nemendur einhvern tíma dæmt aðra út frá staðalmyndum? Ef svo er, hvernig og af hverju?
- Hefur hegðun nemenda einhvern tíma stjórnað af fordómum? Ef svo er, hvernig og af hverju?
- Hvaða áhrif hafa fordómar á fólk?
- Hvaða áhrif hafa fordómar á samfélagið?



## 5. Horft á heimildarmyndina

## 6. Umræður eftir myndina

Kennari leiðir umræður um innflytjendur og fordóma. M.a. má velta fyrir sér eftirfarandi spurningum:

- Hvers konar fordómum geta innflytjendur á Íslandi mætt?
- Hafa börnin í myndinni orðið fyrir fordómum?
- Telur þú líklegt að þau verði fyrir fordómum í framtíðinni? Af hverju eða af hverju ekki?
- Hvers vegna hefur fólk fordóma gagnvart innflytjendum?
- Hvaða áhrif hafa fordómar gagnvart innflytjendum?
- Hvað er hægt að gera til að sporna gegn fordómum?



## Fordómar, staðalmyndir og misrétti

### VERKEFNI 2 VIÐBRÖGÐ VIÐ FORDÓMUM

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Fordómar

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- velti því fyrir sér hvað fordómar eru
- leiti leiða til að sporna gegn fordómum og bregðast við fordómafullri hegðun
- hugsí um hvers konar fordómum innflytjendur kunna að mæta á Íslandi
- geri sér í hugarlund hvers konar fordómar af öðrum toga geta leynst í íslensku samfélagi
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### KENNSLUÆÐFERÐ

##### 1. Skilgreining

Kennari leiðir umræður um fordóma og biður nemendur að skilgreina hugtakið. Bekkurinn kemur sér saman um skilgreiningu sem kennari skrifar upp á töflu.

Tillaga að skilgreiningu:

Fordómar eru neikvætt eða jákvætt viðhorf til hópa fólks. Orðið vísar til þess að dæmt sé fyrir fram. Fordómar eru safn hugmynda sem gjarnan leiða til eða réttlæta mismunun.<sup>10</sup>

##### 2. Heimildarmyndin

Ef langt er síðan nemendur horfðu á myndina má sýna 8. kafla aftur. Nemendur eiga að skrifa hjá sér öll dæmi um fordóma sem minnst er á í myndinni.

##### 3. Umræður eftir myndina

Nemendur greina frá dæmunum sem þeir punktuðu hjá sér og kennarinn skrifar þau upp á töflu. Svo biður kennari nemendur að velta fyrir sér fordómum sem innflytjendur kunna að mæta á Íslandi. Auk þess biður hann nemendur að greina frá öðrum fordómum sem þeir þekkja til og fordómafullri hegðun sem þeir hafa orðið vitni að eða heyrt um. Kennarinn skrifar þetta allt upp á töflu.

##### 4. Hópvinna

Nemendum er skipt í hópa. Hóparnir fá það verkefni að finna aðferðir til að bregðast við fordómafullri hegðun og sporna gegn fordómum. Hóparnir kynna niðurstöður sínar svo fyrir bekknum, t.d. með stuttum leikþætti, framsögu eða

<sup>10</sup> Sjá t.d. J.E. Farley. *Majority – Minority Relations*. Upper Saddle River, NJ, Prentice Hall, 2000.

myndasýningu. Ef nemendur vilja geta þeir gengið út frá dæmunum sem kennarinn skrifaði upp á töflu.

#### **5. Umræður og samantekt eftir kynningu**

Kennari tekur saman niðurstöður nemenda og bekkurinn ræðir ólík viðbrögð við fordómum. Nemendur geta úbúið gátlista yfir hvernig best sé að bregðast við ýmiss konar fordómum og hengt hann upp í stofunni.



## *Miðlun, skynjun og samkennd*

### **VERKEFNI 3 TENGL**

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin

**TÍMI:** 1–2 kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- átti sig á að öll börn eiga eitthvað sameiginlegt
- fræðist um fjölbreytileika barna á Íslandi
- setji sig í spor annarra
- kynnist bekkjarsystkinum sínum betur
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Heimildarmyndin**

Kennari biður nemendur að rifja upp myndina og punkta hjá sér upplýsingar um börnin og koma auga á það sem þeir eiga sameiginlegt með börnunum í myndinni.

##### **2. Tengslaleikur**

Kennarinn velur eitt barnanna í myndinni og gerir svo grein fyrir tvennu sem einkennir barnið, öðru fyrir hægri hönd og hinu fyrir vinstri hönd.

Kennari getur t.d. sagst vera Nazima og að annars vegar hafi hann gaman af hestum (fyrir hægri hönd) og hins vegar sé hann bestur í íslensku af öllum fögum í skólanum (fyrir vinstri hönd). Nemendur sem eiga það sameiginlegt með Nazimu að hafa gaman af hestum rétta þá upp hönd og einn þeirra er valinn til að taka í hægri hönd kennarans. Eins er gert fyrir vinstri hönd.

Því næst segir nemandinn til hægri frá einhverju um sjálfan sig (t.d. „ég er í fjólbláum sokkum“ eða „ég hef gaman af íþróttum“). Nemendur sem sama gildir um rétta upp hönd. Kennarinn velur einn þeirra til að taka í hönd nemandans sem fyrir er. Eins er gert fyrir vinstri hönd og svo koll af kolli þar til allur bekkurinn leiðist. Ef nemandi nefnir eiginleika sem á ekki við um neinn annan í bekknum þarf hann að segja eitthvað annað.

Leikinn má endurtaka fyrir öll börnin í myndinni. Eftir fyrstu umferð getur kennari beðið nemanda að byrja á því að velja eitt barnanna.

##### **3. Heimavinna**

Nemendur vinna stutt ritunarverkefni þar sem þeir nefna a.m.k. eitt sem þeir eiga sameiginlegt með hverju barni í myndinni.



## *Miðlun, skynjun og samkennd*

### VERKEFNI 4 HVERJU GET ÉG BREYTT?

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni, saga og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin

**TÍMI:** Ein kennslustund

**LYKILORÐ:** Daglegt líf og menning

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- velti fyrir sér áskorunum og erfiðleikum sem innflytjendur á Íslandi kunna að standa frammi fyrir
- hugsí um hvernig megi bæta aðstæður innflytjenda á Íslandi
- læri um einstaklinga sem hafa bætt samfélag sitt og leita leiða til að gera slíkt hið sama
- greini upplýsingar og setji þær í stærra samhengi samfélagsmála
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUÆÐFERÐ**

##### **1. Heimildarmyndin**

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi þegar horft á myndina. Kennari biður nemendur að velta fyrir sér þeim erfiðleikum og áskorunum sem börnin í myndinni gætu staðið frammi fyrir, t.d. í tengslum við skóla, tungumál, vinasambönd o.fl.

##### **2. Umræður**

Nemendur greina frá erfiðleikum og áskorunum sem þeir tóku eftir í myndinni. Kennari skrifar hugmyndir þeirra á töfluna.

##### **3. Verkefni í kennslustund**

Kennari segir nemendum frá fólki sem hefur haft áhrif á gang sögunnar og breytt samfélagi sínu. Nefna má t.d. Bríeti Bjarnhédinsdóttur, Martin Luther King Jr., Rosa Parks, Vigdís Finnbogadóttur og Gandhi, auk annarra sem kennara dettur í hug.

Í kjölfarið leitar bekkurinn í sameiningu leiða til að takast á við áskoranirnar sem rätt var um. T.d. er hægt að endurskoða hegðun, búa til reglur fyrir bekkinn og skólann, ræða málin við fjölskyldu og vini eða annað sem nemendum dettur í hug. Bekkurinn getur svo búið til lista yfir öll þessi atriði og hengt hann upp í kennslustofunni.



## *Breytingar, áskoranir og erfiðleikar*

### VERKEFNI 5 ÍSLENSKIR INNFLYTJENDUR

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin

**TÍMI:** Ein kennslustund

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, sjálfsmynd/þjóðerni, stríð og öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- velti fyrir sér hvers vegna fólk flytur milli landa
- geri sér grein fyrir því að Íslendingar geta líka verið innflytjendur
- átti sig á að sumir flytja nauðbeygðir frá heimalandi sínu, t.d. vegna stríðsátaka eða annarra hörmunga
- setji sig í spor annarra
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Íslenskir innflytjendur**

Kennari biður nemendur að segja frá vinum og ættingjum sem búa eða hafa búið í útlöndum. Hann spyr hvers vegna þeir hafi flutt til útlanda og skrifar ástæðurnar upp á töflu. Einnig má forvitnast um hvort nemendur hafa búið í útlöndum.

##### **2. Heimildarmyndin**

Horft er aftur á 3. kafla myndarinnar. Kennari biður nemendur að taka sérstaklega eftir því hvers vegna börnin fluttu til Íslands.

##### **3. Umræður**

Bekkurinn rifjar í sameiningu upp ástæður þess að börnin komu til Íslands og skrifar þær upp á töflu. Börnin segja ekki öll nákvæmlega hvers vegna þau fluttu til Íslands þannig að í sumum tilfellum þurfa nemendur að geta í eyðurnar.

Kennari leiðir svo umræður um hvers vegna fólk flytur milli landa. Hann má benda á að ástæðurnar geta verið margar og mismunandi. Stundum flytja Íslendingar til útlanda af sömu ástæðum og útlendingar til Íslands, t.d. til að vinna eða stunda nám. Ástæður þess að fólk flytur til Íslands geta þó verið aðrar og alvarlegri, t.d. kemur fólk hingað til að flýja stríð og hörmunga. Þá getur kennarinn bent á að Íslendingar sem búa í útlöndum eru innflytjendur þar, rétt eins og útlendingar sem búa á Íslandi eru innflytjendur hér.

##### **4. Heimavinna**

Nemendur vinna stutt ritunarverkefni þar sem þeir ímynda sér að þeir þurfi að flytja úr landi. Hvert flytja þeir? Hvers vegna? Hvernig líður þeim? Hvaða breytingar verða á daglegu lífi þeirra?





## *Breytingar, áskoranir og erfiðleikar*

### VERKEFNI 6 ÁSKORANIR Í NÝJU LANDI

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla og túss/krít

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, fordómar, framtíð, íslenska, menning, sjálfsmynd/þjóðerni, staðalmyndir, tungumál, vinátta, öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- átti sig á ýmsum áskorunum og erfiðleikum sem geta mætt innflytjendum í nýju landi
- geri sér grein fyrir ábyrgð samfélagsins á móttöku innflytjenda
- velti fyrir sér hvað megi gera til að auðvelda innflytjendum komuna til Íslands og dvöl hér á landi
- setji sig í spor annarra
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Umræður**

Kennari segir sögu af því þegar hann (eða einhver sem hann þekkir) var í útlöndum og lenti í klípu því hann misskildi eitthvað eða kunni ekki málið. Hann spyr nemendur síðan hvort þeir hafi upplifað eitthvað svipað. (Ef kennari hefur enga slíka sögu á takteinum má nefna sögu sem margir þekkja um íslenska námsmanninn í Svíþjóð sem fór inn í málningarvöruverslum og bað um bæs. Afgreiðslumaðurinn rak upp stór augu því orðið þýðir kúkur á sænsku.)

Í framhaldi af þessu biður kennarinn nemendur að gera sér í hugarlund hvaða áskoranir geti mætt innflytjendum þegar þeir koma til nýs lands. Nemendurnir eru beðnir að punkta meginatriði niður.

##### **2. Heimildarmyndin**

Nemendur eiga að vinna verkefni um börnin í myndinni. Best er að horfa aftur á myndina til að vinna verkefnið. Kennari biður hvern nemanda að fylgjast sérstaklega með einu barni (Guerby – Jakob – Jens – Nasipe – Nazima). Gott er að u.þ.b. jafn margir nemendur fylgist með hverju barni.

##### **3. Hópvinna**

Nemendur sem fylgdust með sama barni vinna saman. Hóparnir velta fyrir sér hvort börnin í myndinni og fjölskyldur þeirra búi við sömu aðstæður og þeir sem fæðast á Íslandi. T.d. má ræða eftirfarandi spurningar:

- Hvaða máli skiptir að vera góður í íslensku?
- Hvernig er í skólanum ef maður er ekki góður í íslensku?

- Hvað breytist þegar maður flytur til nýs lands?
- Hvað gæti verið erfitt eða flókið fyrir innflytjendur á Íslandi?
- Er líf barnanna í myndinni ólíkt þínu lífi? Hvernig?
- Hvernig væri að búa í öðru landi en amma, afi, frænkur og frændur?
- Er erfitt eða auðvelt fyrir innflytjendur að eignast vini á Íslandi? Af hverju?

#### **4. Kynning og umræður**

Hóparnir kynna niðurstöður sínar og bekkurinn ræðir þær í sameiningu. Kennari leiðir umræður um ábyrgð samfélagsins á móttöku innflytjenda.

Nemendur varpa fram hugmyndum um hvað þeir geti gert til að auðvelda samnemendum af erlendum uppruna lífið og tilveruna. Bekkurinn fer yfir hugmyndirnar í sameiningu og býr til lista sem hengja má upp í skólastofunni.

#### **VERKEFNINU FYLGT EFTIR**

Nemendur velja þá hugmynd á listanum sem þeim fellur best og vinna að henni yfir lengri tíma.



## *Fjölmennning, tungumál og önnur lönd*

### VERKEFNI 7 ÍSLENSKA

**NÁMSGREINAR:** Íslenska, leiklist, lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin og miðar fyrir leik (sjá fylgiefni)

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, íslenska, tungumál og öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- átti sig á hversu mikilvægt er að hafa tungumál á valdi sínu
- temji sér umburðarlyndi í garð þeirra sem eru að læra íslensku
- geri sér grein fyrir hversu sértækan orðaforða getur þurft til að sinna hversdagslegum erindum
- velti fyrir sér áskorunum og erfiðleikum sem mæta innflytjendum í nýju landi
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Tungumálaleikur**

Nemendum er skipt í tvö lið sem gera til skiptis. Liðið sem á leik velur tvo fulltrúa, annan til að leika og hinn til að giska. Sá sem leikur dregur miða þar sem vissum aðstæðum er lýst (sjá fylgiefni) og leikur þær fyrir þann sem giskar. Sá á að geta sér til um hverjar aðstæðurnar eru og hvað hinn vill. Liðin skiptast á að gera og það lið sem giskar oftast á rétt svar vinnur. Ef leikmaður nefnir eitt bannorðanna á hitt liðið leik. Kennari ákveður tímamörkin í hverri umferð og gætir þess að liðsmenn skiptist á að vera fulltrúar síns liðs. Kennari ræður hve margar umferðirnar eru, en markmiðið er að sýna nemendum hversu sértækan orðaforða getur þurft til að sinna hversdagslegum erindum.

##### **2. Heimildarmyndin**

Horft er á 7. kafla myndarinnar. Nemendur eru beðnir að taka sérstaklega eftir því sem börnin segja um íslensku og tungumálakunnáttu og punkta það hjá sér.

##### **3. Umræður**

Kennari leiðir umræður um mikilvægi tungumálakunnáttu í daglegu lífi og vitnar í kaflann úr heimildarmyndinni og í tungumálaleikinn eftir því sem kostur er. M.a. má ræða eftirfarandi spurningar:

- Hvað situr eftir hjá nemendum eftir að hafa horft á myndina?
- Hvað situr eftir hjá nemendum eftir leikinn?
- Hvernig tengist íslenskukunnátta efni myndarinnar?
- Hvaða áhrif hefur íslenskukunnátta barnanna í myndinni á líf þeirra?
- Hvert er viðhorf barnanna til íslenskrar tungu?
- Hvaða viðhorfi mæta þeir sem kunna takmarkaða íslensku?

- Hvað geta nemendur gert til að koma til móts við þá sem eru að læra íslensku?
- Hvernig líður manni þegar maður hefur ekki tungumálakunnáttu til að gera sig fyllilega skiljanlegan?
- Hvaða tungumál ætti maður að tala við innflytjendur?
- Hvernig læra innflytjendur íslensku?
- Hvað í daglegu lífi gæti verið flókið fyrir þá sem kunna ekki íslensku?

## TUNGUMÁLALEIKUR

Miðarnir eru klipptir út fyrir liðin í tungumálaleiknum

<p>Þú ert í heimsókn hjá vini þínum. Hann vill bara hanga í tölvunni en þú vilt fara út í eltingaleik. Þú reynir að sannfæra hann um að það sé skemmtilegra í eltingaleik en í tölvunni.</p> <p>Þú mátt ekki segja vinur, heimsókn, tölva, tölvuleikur eða eltingaleikur.</p>	<p>Þú ert við afgreiðsluna í sundlaug. Þú vilt fara í sund en þarft að fá handklæði og sundföt lánuð. Þú biður líka um sundbolta og kút.</p> <p>Þú mátt ekki segja sundlaug, sund, handklæði, sundföt, sundskýla, sundbolur, bikini, sundbolti, bolti eða kútur.</p>
<p>Þú ert í matvörubúð og þarft að kaupa klósettpappír, vínber, rjóma, tannþráð og sjampó. Þú spyrð starfsmann hvar þessa hluti er að finna.</p> <p>Þú mátt ekki segja matvörubúð, búð, matur, klósettpappír, vínber, rjómi, tannþráður eða sjampó.</p>	<p>Þú ert á pitsustað. Þú pantar stóra pitsu með ansjósum, ananas, eggji og nautahakki.</p> <p>Þú mátt ekki segja pitsustaður, pitsa, stór, ansjósur, ananas, egg eða nautahakk.</p>
<p>Þú ætlar í bíó með vinum þínum og ert í afgreiðslunni. Þú pantar fimm miða á nýjustu Harry Potter-myndina.</p> <p>Þú mátt hvorki nota töluorð né segja orðin bíó, kvikmyndahús, bíómynd, mynd, miði, Harry Potter, galdrar eða galdratrákur.</p>	<p>Þú ert í íþróttavörubúð. Þú biður afgreiðslumann um hjól, fótbolta, skauta, balletskó og sippuband.</p> <p>Þú mátt ekki segja íþróttavörubúð, íþróttir, hjól, fótbolti, bolti, skautar, balletskór, ballet, sippuband eða sippa.</p>
<p>Þú ert í heimsókn hjá vinkonu ömmu þinnar. Þú býðst til að hjálpa henni að slá grasið og klippa trén.</p> <p>Þú mátt ekki segja amma, vinkona, heimsókn, slá, gras, sláttuvél, tré eða klippa.</p>	<p>Þú ert í bakarí og biður um þrjá kleinuhringi með karamellu og einn með súkkulaði.</p> <p>Þú mátt hvorki nota töluorð né segja orðin bakarí, súkkulaði, karamella eða kleinuhringur.</p>



## *Fjölmening, tungumál og önnur lönd*

### VERKEFNI 8 HVAÐ VEIT ÉG?

**NÁMSGREINAR:** Landfræði, lífsleikni, saga og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, landakort, tafla og túss/krít

**TÍMI:** Ein kennslustund

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, fordómar, menning, sjálfsmynd/þjóðerni og staðalmyndir

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- fræðist um önnur lönd
- öðlist skilning á hversu einfölduð og einsleit mynd er gjarnan dregin upp af lífinu í öðrum löndum
- velti fyrir sér hvaðan hugmyndir fólks um önnur lönd eru sprottnar og hvers vegna flestir vita meira um tiltekin lönd en önnur
- átti sig á að staðalmyndir eiga oft ekki við
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### KENNSLUÆFERÐ

##### 1. Hugmyndir um önnur lönd

Kennari skrifar nöfn landanna sem börnin í myndinni koma frá á töflu (Haítí – Kosóvó – Palestína – Pólland – Taíland). Svo spyr hann nemendur hvort þeir viti hvar löndin eru. Ef svo er ekki, bendir hann á þau á korti. Að því loknu biður hann nemendur að segja frá því sem þeir vita um þessi lönd og fólkið sem þar býr. Hann skrifar upplýsingarnar á töfluna, undir nöfnum landanna.

##### 2. Heimildarmyndin

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi þegar horft á myndina.

##### 3. Umræður

Kennari leiðir umræður og fer aftur yfir hugmyndir nemenda um löndin fimm. M.a. má spyrja eftirfarandi spurninga:

- ◆ Hafa hugmyndir nemenda um löndin breyst? Ef svo er, að hvaða leyti og hvers vegna?
- ◆ Hvaðan hafa nemendur þekkingu sína á löndunum?
- ◆ Vita nemendur meira um sum lönd en önnur? Ef svo er, hvers vegna?
- ◆ Er mikilvægt að hafa þekkingu á öðrum löndum? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?





## *Fjölmennning, tungumál og önnur lönd*

### VERKEFNI 9 HVAÐ ER ÍSLENSKT?

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni, saga og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Miðstig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla, túss/krít og aðgangur að Netinu/bókasafni

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, menning, saga og sjálfsmynd/þjóðerni

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- velti fyrir sér hvað getur talist íslenskt
- átti sig á að ýmislegt í íslensku hversdagslífi – m.a.s. sumt af því sem gjarnan er talið „mjög íslenskt“ – er erlent að uppruna
- geri sér grein fyrir að daglegt líf fólks breytist í tímans rás
- læri um uppruna ýmissa fyrirbæra sem eru hluti af daglegu lífi barna á Íslandi
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Heimildarmyndin**

Horft er aftur á 1., 2. og 4. kafla myndarinnar. Kennari biður nemendur að taka vel eftir því sem fram kemur í myndinni um áhugamál og daglegt líf barnanna. Hann biður nemendur svo að gera lista yfir áhugamál barnanna og hluti sem tengjast þeim. Dæmi gætu verið skák, tafl, hestar, hestamennska, fótbolti, reiðhjól, rokktonlist, gítar, bassi, píanó, lestur og bækur.

##### **2. Heimildaleit**

Nemendur telja upp atriðin sem þeir punktuðu hjá sér og kennari skrifar þau upp á töflu. Nemendum er svo skipt í hópa. Hver hópur velur eitt atriði af listanum til að rannsaka og kynna sér. Hóparnir fá eina kennslustund til að undirbúa stutta kynningu á sínu efni. Í kynningunni þarf að koma fram hvernig og hvar hluturinn varð til. Það þarf líka að taka fram hvernig hluturinn tengist Íslandi, hvort hann varð til hér eða hvenær og hvernig hann kom til landsins.

Kennari býr í haginn fyrir nemendur með því að benda þeim á alfræðiorðabækur á Netinu eða gagnlegar slóðir (t.d. Wikipedia á íslensku – [www.is.wikipedia.org](http://www.is.wikipedia.org)). Hann getur líka fundið bækur sem nýtast nemendum.

##### **3. Kynning og umræður**

Hóparnir kynna verkefnið sitt fyrir bekknum. Að kynningunum loknum leiðir kennari umræður um daglegt líf á Íslandi í dag. M.a. getur hann velt upp eftirfarandi spurningum:

- Hvernig hefur íslenskt hversdagslíf breyst frá því fyrir hundrað árum? (T.d. má benda á breytta matarmenningu, íþróttahefðir, afþreyingu o.fl.)

- Eru fyrirbæri sem nýlega hafa numið land „minna íslensk“ en þau sem lengri hefð er fyrir? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Er íslensk menning í raun og veru íslensk ef hún samanstendur af fjölda erlendra þátta? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Hvað er íslenskt?

### ÍTAREFNI

Áhugavert gæti verið fyrir kennara að kynna sér skemmtilegan pistil eftir Anthony Giddens um uppruna þjóðlegra hefða sem fluttur var í útvarpi BBC árið 1999. Hann má nálgast á slóðinni: <http://www.bbc.co.uk/radio4/reith1999/lecture3.shtml>. Hann er einnig að finna í bókinni *Runaway World* eftir Giddens.<sup>11</sup>

---

<sup>11</sup> Giddens, Anthony. *Runaway World: how globalisation is reshaping our lives*, London, Profile Books, 2002.



# Verkefni – unglingastig

*Fordómar, staðalmyndir og misrétti*

## VERKEFNI 1 STAÐALMYNDIR

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði/þjóðfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla og túss/krít

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, fjölmiðlar, fordómar, menning, sjálfsmynd/  
þjóðerni, staðalmyndir

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- velti fyrir sér hugtakinu staðalmynd
- átti sig á sambandi staðalmynda og fordóma
- kanni áberandi staðalmyndir innflytjenda og annarra hópa í samfélaginu
- ræði hvað megi gera til að brjóta staðalmyndir á bak aftur og vinna gegn fordómum
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

### KENNSLUAÐFERÐ

#### 1. Skilgreining

Kennari leiðir umræður um staðalmyndir og biður nemendur að skilgreina hugtakið staðalmynd. Bekkurinn kemur sér saman um skilgreiningu sem kennari skrifar upp á töflu.

Tillaga að skilgreiningu á fordómum:

Fordómar eru neikvætt eða jákvætt viðhorf til hópa fólks. Orðið vísar til þess að dæmt sé fyrir fram. Fordómar eru safn hugmynda sem gjarnan leiða til eða réttlæta mismunun.<sup>12</sup>

Tillaga að skilgreiningu á staðalmyndum:

Staðalmyndir eru gjarnan skilgreindar sem ýktar hugmyndir um hópa, oftast neikvæðar eða byggðar á fordómum, og notaðar til að réttlæta mismunun.<sup>13</sup>

#### 2. Staðalmyndir ólíkra hópa

Kennari biður nemendur að nefna ýmsa hópa sem búa við áberandi staðalmyndir. T.d. má nefna unglínga, unglingsstelpur, unglingsstráka, samkynhneigða, fatlaða, Hafnfirðinga, endurskoðendur, ljóshærðar konur og stjórnálamenn. Bekkurinn ræðir svo hvaða eiginleikar eru eignaðir hverjum hópi.

<sup>12</sup> Sjá t.d. J.E. Farley. *Majority – Minority Relations*. Upper Saddle River, NJ, Prentice Hall, 2000.

<sup>13</sup> Sjá t.d. umfjöllun í lokaskýrslu verkefnisins *Sports Media and Stereotypes* bls. 9–19. Greinina má nálgast á slóðinni: [http://www.jafnretti.is/gogn/ymis/sms\\_final\\_research\\_report.pdf](http://www.jafnretti.is/gogn/ymis/sms_final_research_report.pdf)

Mikilvægt er að kennari tali ekki sérstaklega um innflytjendur á þessu stigi málsins. Markmiðið er að nemendur hugsi fyrst um staðalmyndir almennt og tengi þær svo við innflytjendur.

### 3. Staðalmyndir og fordómar

Kennari spyr nemendur hvaða áhrif staðalmyndir geti haft og leiðir umræðuna að fordómum og afleiðingum þeirra. Mikilvægt er að kennari hafi á takteinum fjölbreytt dæmi um mögulegar afleiðingar staðalmynda og fordóma, t.d. einelti, misrétti, ofbeldi, þrælkun, stríð og þjóðarmorð. (Athugasemd til kennara: Þessa umræðu má m.a. hæglega tengja við kennslu um heimsstyrjöldina seinni og helförina.)

Kennari leiðir svo umræður um staðalmyndir innflytjenda á Íslandi. M.a. má ræða eftirfarandi spurningar:

- Hvaða staðalmyndir eru tengdar innflytjendum á Íslandi?
- Hvernig er talað um innflytjendur?
- Hvernig fjalla fjölmiðlar um innflytjendur?
- Hvernig og hvers vegna verða staðalmyndir til?
- Er umræða um innflytjendur mismunandi eftir því hvaðan þeir koma? Er t.d. munur á því hvernig talað er um innflytjendur frá Norðurlöndum, Litháen og Þýskalandi?
- Hefur fólk aðrar hugmyndir um innflytjendur sem það þekkir en innflytjendur almennt?

### 4. Horft á heimildarmyndina

### 5. Umræður eftir mynd

Kennari leiðir umræður um myndina og staðalmyndir. M.a. má spyrja eftirfarandi spurninga:

- Koma einhverjar staðalmyndir fram í myndinni?
- Breytti myndin hugmyndum þínum um innflytjendur að einhverju leyti? Ef svo er, hvernig og hvers vegna?
- Falla börnin í myndinni að staðalmyndum um innflytjendur? Af hverju eða af hverju ekki?
- Hvernig heldur þú að það sé að tilheyra hópi sem býr við áberandi staðalmyndir?
- Eru staðalmyndir alltaf neikvæðar?

### 6. Heimavinna

Nemendur fá það heimaverkefni að skrifa stutta ritgerð þar sem þeir greina staðalmyndir ákveðins hóps, t.d. unglinga. Þeir eiga líka að setja fram hugmyndir um hvernig megi brjóta þessar staðalmyndir á bak aftur.



## Fordómar, staðalmyndir og misrétti

### VERKEFNI 2 FORDÓMAR OG VIÐBRÖGÐ VIÐ ÞEIM

**NÁMSGREINAR:** Leiklist, lífsleikni og samfélagsfræði/þjóðfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla, túss/krít og límmiðar í mismunandi litum

**TÍMI:** 2–3 kennslustundir

**LYKILORÐ:** Fordómar, sjálfsmynd/þjóðerni, staðalmyndir og öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- kynnist því hvernig það er að dæma og vera dæmdur eftir staðalmyndum
- velti fyrir sér hvað fordómar eru og hugsir um ólíkar og misáberandi birtingarmyndir fordóma
- velti fyrir sér hvernig fordómar birtast í íslensku samfélagi og hvers konar fordómum innflytjendur kunna að mæta á Íslandi
- hugsir um afleiðingar fordóma
- leiti leiða til að sporna gegn fordómum og bregðast við fordómafullri hegðun

#### KENNSLUÆÐFERÐ

##### 1. Umræður fyrir leik

Kennari leiðir umræður um fordóma og staðalmyndir og biður nemendur að skilgreina hugtökin. Bekkurinn kemur sér saman um skilgreiningar sem kennari skrifar upp á töflu.

Tillaga að skilgreiningu á fordómum:

Fordómar eru neikvætt eða jákvætt viðhorf til hópa fólks. Orðið vísar til þess að dæmt sé fyrir fram. Fordómar eru safn hugmynda sem gjarnan leiða til eða réttlæta mismunun.<sup>14</sup>

Tillaga að skilgreiningu á staðalmyndum:

Staðalmyndir eru gjarnan skilgreindar sem ýktar hugmyndir um hópa, oftast neikvæðar eða byggðar á fordómum, og notaðar til að réttlæta mismunun.<sup>15</sup>

##### 2. Leikur undirbúinn

Kennari límir punkt í einum af fjórum litum (t.d. grænum – fjólubláum – appelsínugulum – bláum) af handahófi á enni nemenda þannig að þeir viti ekki hvaða lit þeir hafa á enninu. Það sjá allir í bekknum hvaða lit hinir hafa en ekki sinn eigin. Bannað er að segja öðrum nemendum hvaða lit þeir hafa á enninu.

Því næst skrifar kennarinn eftirfarandi punkta upp á töflu:

<sup>14</sup> Sjá t.d. J.E. Farley. *Majority – Minority Relations*. Upper Saddle River, NJ, Prentice Hall, 2000.

<sup>15</sup> Sjá t.d. umfjöllun í lokaskýrslu verkefnisins *Sports Media and Stereotypes* bls. 9–19. Greinina má nálgast á slóðinni: [http://www.jafnretti.is/gogn/ymis/sms\\_final\\_research\\_report.pdf](http://www.jafnretti.is/gogn/ymis/sms_final_research_report.pdf)

#### Margir halda að grænir ...

- verði oft reiðir af engu tilefni og geti því verið hættulegir.
- séu þjófóttir og þeim sé ekki treystandi.
- hafi slæman smekk og séu alltaf í ljótum fötum.

#### Margir halda að fjólubláir ...

- séu heimskir og geti ekki leyst flókin verkefni.
- séu gráðugir og borði því mjög mikið ef þeir geta.
- kunni ekki mannasiði og hagi sér eins og óvitar.

#### Margir halda að appelsínugulir ...

- hugsji bara um útlitið og séu mjög yfirborðskenndir.
- séu veikburða og hræddir við allt.
- þurfi einhvern til að sjá um sig og passa sig.

#### Margir halda að bláir ...

- séu latir og nenni ekki að vinna fyrir sér.
- séu alltaf að kvarta og kveina að ástæðulausu.
- séu alltaf leiðir og í vondu skapi.

### **3. Fordómaleikur**

Nú fá nemendur fimmtán mínútur til að ganga um stofuna og tala við aðra í bekknum til að reyna að komast að því hvaða lit þeir sjálfir hafa á enninu. Nemendur verða að koma fram við hina í samræmi við upplýsingarnar á töflunni. T.d. þarf að vera varkár í samskiptum við græna því þeir eru taldir skapstórir og hættulegir. Nemendur reyna að átta sig á því hvaða lit þeir hafa á enninu með því að lesa í framkomu annarra í sinn garð.

Að fimmtán mínútum liðnum nefnir kennarinn hornin í stofunni eftir litunum fjórum og biður nemendur að fara í horn eftir því hvaða lit þeir telja sig vera með á enninu.

### **4. Umræður eftir leik**

Kennari leiðir umræður um leikinn. T.d. getur hann spurt eftirfarandi spurninga:

- Hafðir þú rétt fyrir þér um litinn sem þú varst með á enninu?
- Hvernig reyndirðu að komast að því hvaða lit þú hafðir á enninu?
- Hvernig var komið fram við þig?
- Hvernig leið þér að vera dæmd(ur) út frá staðalmyndum?
- Hvernig fannst þér að dæma aðra út frá staðalmyndum?
- Hvaða hópar í samfélaginu gætu í alvörunni orðið fyrir fordómum af þessu tagi?
- Hvers vegna er fólk með fordóma?
- Voru sumir fordómar meira áberandi en aðrir? Ef svo er, hvaða fordómar og hvers vegna voru þeir svona áberandi?
- Getur verið erfitt að átta sig á vissum fordómum?



- Hefur þú einhvern tímann dæmt aðra út frá staðalmyndum? Ef svo er, hvernig og af hverju?
- Hefur hegðun þín einhvern tímann stjórnað af fordómum? Ef svo er, hvernig og af hverju?
- Hvaða áhrif hafa fordómar á fólk?
- Hvaða áhrif hafa fordómar á samfélagið?

### 5. Heimildarmyndin

Horft aftur á 8. kafla myndarinnar sem fjallar um fordóma, eða horft á hana í heild hafi nemendur ekki þegar gert það.

### 6. Umræður

Kennari leiðir umræður um innflytjendur og fordóma. M.a. má velta fyrir sér eftirfarandi spurningum:

- Hvers konar fordómum geta innflytjendur á Íslandi mætt?
- Hafa börnin í myndinni orðið fyrir fordómum?
- Telur þú líklegt að þau verði fyrir fordómum í framtíðinni? Af hverju eða af hverju ekki?
- Gætu þau mætt mismunandi fordómum? Ef svo er, hvers vegna?
- Hvers vegna hefur fólk fordóma gagnvart innflytjendum?
- Hvaða áhrif hafa fordómar gagnvart innflytjendum?
- Hvað er hægt að gera til að sporna gegn fordómum?

### 7. Heimavinna

Nemendur fá það heimaverkefni að finna aðferðir til að bregðast við fordómafullri hegðun og sporna gegn fordómum. Þeir mega gjarnan vinna saman í pörum. Hver nemandi eða pör kynna niðurstöður sínar svo fyrir bekknum, t.d. með leikþætti, myndbandi, framsögu eða myndasýningu. Ef nemendur vilja geta þeir gengið út frá dæmunum sem kennarinn skrifaði upp á töflu.



## *Fordómar, staðalmyndir og misrétti*

### VERKEFNI 3 FORRÉTTINDI INNFÆDDRA

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin og listi yfir forrétindi (sjá fylgiefni)

**TÍMI:** Ein kennslustund

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, fjölmiðlar, fordómar, framtíð, íslenska, menning, sjálfsmynd/þjóðerni, staðalmyndir, tungumál og öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- hugsi um þau forrétindi sem innfæddir Íslendingar njóta
- velti fyrir sér áskorunum og erfiðleikum sem innflytjendur á Íslandi kunna að mæta
- geri sér grein fyrir því að sumir hópar í samfélaginu njóta forrétinda umfram aðra
- hugsi um þau lífsgæði sem þeir búa við
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Listi fylltur út**

Kennari dreifir lista yfir forrétindi innfæddra til nemenda og biður þá að krossa við þær fullyrðingar sem eiga við um þá. Áður en nemendur gera það fer kennari yfir listann og útskýrir hvert atriði til að tryggja að allir nemendur skilji verkefnið.

##### **2. Heimildarmyndin**

Horft á myndina eða efni hennar rifjað upp hafi nemendur þegar horft á hana.

##### **3. Listi fylltur út fyrir börnin í myndinni**

Kennari biður nemendur að fara aftur yfir listann og krossa við fullyrðingar sem eiga við um börnin í myndinni. Gott er að þessir krossar séu aðgreindir frá þeim fyrri, t.d. með því að hafa þá í öðrum lit.

##### **4. Umræður**

Hver og einn nemandi fer yfir krossana og ber þannig saman sínar aðstæður og aðstæður barnanna í myndinni. Í kjölfarið leiðir kennari umræður um forrétindi innfæddra á Íslandi. T.d. má spyrja eftirfarandi spurninga:

- Eiga mismunandi atriði á listanum við börnin í myndinni og nemendur?
- Ef svo er, í hverju felst munurinn? Af hverju er munur?
- Eiga mörg af atriðunum á listanum við nemendur? Ef svo er, eru nemendur meðvitaðir um forrétindin sem þeir búa við?
- Hvaða máli skipta þessi forrétindi?

## 5. Heimavinna

Ólíkir hópar á Íslandi njóta forréttinda af mismunandi ástæðum. Nemendur fá það verkefni að velja einn hóp, greina forréttindin sem hópurinn nýtur og búa til lista á borð við þann sem fylgir þessu verkefni. T.d. má skoða karla, gagnkynhneigða, efnaða eða kristna. Ef bekkurinn vill má hengja listana upp í kennslustofunni.

## LISTI

1.   Ég þekki og umgengst marga af mínu þjóðerni.
2.   Ég bý við fjölmennt tengsla- og öryggisnet vina og fjölskyldu.
3.   Ég þekki ríkjandi kurteisishefðir, siði og venjur.
4.   Ég skil menningartilvísanir og ríkjandi húmor í þjóðfélaginu.
5.   Ég veit hvert á að sækja almenna þjónustu og nauðsynjar.
6.   Ég hef greiðan aðgang að minni þjóðmenningu, ég get t.d. fundið bækur á minni tungu á bókasöfnum og keypt tónlist frá upprunalandi mínu í plötubúðum.
7.   Ég get keypt mat sem ég ólst upp við í dæmigerðri matvöruverslun.
8.   Ég get verið viss um að samfélagsstaða mín og bakgrunnur teljist ekki tilefni til fyrirlitningar eða háðs.
9.   Ég þarf ekki að hafa áhyggjur af því að neikvæðar staðalmyndir, t.d. tengdar fátækt, glæpum og fávísi, hafi áhrif á hvernig mér er tekið.
10.   Ég þekki umhverfi mitt og aðstæður nógu vel til að vera meðvituð/aður um ógnir og hættu.
11.   Ég hef sömu tækifæri og möguleika í námi og starfi og aðrir í samfélaginu.
12.   Þegar ég tala íslensku get ég treyst því að mér verði svarað á íslensku.
13.   Ég hef nógu mikið vald á tungumálinu til að geta fylgst með þjóðfélagssumræðu og notað fjölmiðla.
14.   Ég get verið viss um að í sjónvarpi, útvarpi og dagblöðum sé fólk sem ég samsama mig við í meirihluta.



## *Miðlun, skynjun og samkennd*

### VERKEFNI 4 Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin og blaðagrein (sjá fylgiefni)

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, fjölmiðlar, fordómar, menning, sjálfsmynd/þjóðerni og staðalmyndir

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- skoði og greini fréttáflutning á gagnrýninn hátt
- átti sig á að umfjöllun fjölmiðla getur verið gildishlaðin
- leiti leiða til að bæta fréttáflutning, t.d. um fólk af erlendu bergi brotið
- endurskoði og gagnrýni eigin vinnubrögð
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Heimildarmyndin**

Best er að horfa aftur á myndina til að vinna þetta verkefni. Nemendur eru beðnir að velja eitt barnanna í myndinni og fylgjast sérstaklega vel með því. Æskilegt er að nemendur skrifi hjá sér helstu upplýsingar um barnið sem þeir fylgjast með.

##### **2. Heimavinna**

Nemendur fá það heimaverkefni að skrifa 250 orða langa frétt um barnið sem þeir fylgdust með. Efnistökur eru frjálst en byggja þarf fréttina á upplýsingum sem koma fram í heimildarmyndinni og nemendur skrifuðu hjá sér.

##### **3. Fréttagagnrýni**

Kennari dreifir eintökum af blaðagrein sem er byggð á raunverulegri umfjöllun um innflytjendur og birst hefur í íslenskum dagblöðum. Einn nemandi er fenginn til að lesa greinina upphátt fyrir aðra í bekknum. Nemendur velta svo fyrir sér efnistöku í fréttinni. M.a. má spyrja eftirfarandi spurninga:

- Er umfjöllunin jákvæð eða neikvæð? Hvernig kemur það fram?
- Er nauðsynlegt að tilgreina að um útlendinga hafi verið að ræða í þessari frétt? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Væru efnistökur hugsanlega önnur ef um Íslendinga hefði verið að ræða? Ef svo er, að hvaða leyti?
- Birtast einhverjar staðalmyndir í fréttáflutningnum? Ef svo er, hverjar og hvernig koma þær fram?
- Er umfjöllunin að einhverju leyti fordómafull? Ef svo er, hvernig þá?
- Ef nemendum þykir eitthvað athugasvert við efnistökur, hvernig finnst þeim að ætti að bæta þau?
- Er mögulega önnur hlið á sögunni sem okkur er ekki sögð?

#### 4. Framhaldsheimavinna

Nemendur endurskoða fréttina sem þeir skrifuðu og velta fyrir sér hvort hægt sé að bæta efnistöð með tilliti til umræðu um fréttlaflutning um innflytjendur. Ef þörf er á endurskrifa nemendur fréttina sína.

#### ÖNNUR NÁLGUN

Í staðinn fyrir að nota blaðgreinina sem fylgir verkefninu getur kennari fengið nemendur til að greina staðalmyndir og fordómafull efnistöð í auglýsingum, tónlistar-myndböndum, tölvuleikjum eða öðru sem honum dettur í hug. T.d. með tilliti til kyns, þjóðernis, kynþáttar, uppruna, kynhneigðar eða annarra þátta.

#### VERKEFNINU FYLGT EFTIR

Fylgja má verkefninu eftir á ýmsa vegu:

- Nemendur geta fylgst með umfjöllun fjölmiðla um fólk af erlendu bergi brotið yfir ákveðið tímabil og reynt að greina hana. Tilvalið væri að nemendur kynntu niðurstöður sínar fyrir bekknum.
- Bekkurinn getur boðið fjölmiðlafólki í heimsókn og spurt það út í efnistöð í fréttum um innflytjendur.
- Nemendur geta kynnt sér hvaða reglur gilda um umfjöllun fjölmiðla um innflytjendur. Þeir geta t.d. kynnt sér íslensk lög, siðareglur Bláðamannafélags Íslands og siðareglur einstakra fjölmiðla, t.d. Ríkisútvarpsins og Morgunblaðsins.
- Í framhaldi af þessu geta nemendur skrifað eigin tillögur að siðareglum fyrir fjölmiðla og reynt að koma þeim á framfæri, t.d. við fréttastjóra ólíkra miðla.

#### ÍTAREFNI

Áhugavert getur verið fyrir kennara að kynna sér greinar og ritgerðir sem skrifaðar hafa verið um umfjöllun íslenskra fjölmiðla um innflytjendur.

T.d. má skoða meistararitgerð Jóns Gunnars Ólafssonar *Ten little Lithuanians and 'Other' stories: 'Othering' the foreign national in the Icelandic mainstream discourse*.<sup>16</sup>

Einnig má nefna greinina *Harðduglegir Pólverjar, harðvítugir Litháar og negri í Þistilfirði: Útlendingar á Íslandi í umfjöllun fjölmiðla*<sup>17</sup> eftir Birgi Guðmundsson. Greinina má nálgast á slóðinni:

[http://staff.unak.is/not/birgirg/Bladamadur/bladamadur\\_juni%2007.pdf](http://staff.unak.is/not/birgirg/Bladamadur/bladamadur_juni%2007.pdf)

<sup>16</sup> Jón Gunnar Ólafsson. *Ten little Lithuanians and 'Other' stories: 'Othering' the foreign national in the Icelandic mainstream discourse*. Reykjavík, Háskóli Íslands, 2008.

<sup>17</sup> Birgi Guðmundsson. „Harðduglegir Pólverjar, harðvítugir Litháar og negri í Þistilfirði: Útlendingar á Íslandi í umfjöllun fjölmiðla.“ *Bláðamaðurinn* (3), Reykjavík, Bláðamannafélag Íslands, 2007.



Grein byggð á raunverulegri umfjöllun í íslenskum fjölmiðlum.

# Blóðug átök með slökkvitækjum og hnífum

Nærri tuttugu útlendingar slógust með hnífum, slökkvitækjum og hafnaboltakylfum í stigagangi fjölbýlishúss í úthverfi Reykjavíkur. Útlendingarnir búa allir saman í lítilli íbúð í húsinu. Þeir voru að eigin sögn að halda upp á afmæli tveggja úr hópnum með tilheyrandi áfengisdrykkju. Veisluhöldin enduðu með villimannslegum hópslagsmálum og að þeim loknum leit stigagangurinn út eins og vígvöllur.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu segir að tvisvar áður hafi verið kvartað yfir slagsmálum og ólátum í útlendingunum. Lögreglan tók myndir af blóðugum stigaganginum þar sem slagsmálin áttu sér stað. Útlendingarnir höfðu slegist með hnífum, slökkvitækjum og bareflum.

Jón Jónsson, einn íbúanna í fjölbýlishúsinu, varð vitni að blóðugum slagsmálunum og lýsir stigaganginum sem blóðugum vígvelli að þeim loknum. Hann segir íbúa hússins viti sínu fjær af hræðslu. „Þessir menn drekka frá sér allt vit hverja einustu helgi og núna endaði þetta í einum allsherjar slagsmálum á stigaganginum. Þeir slógust með hnífum og slökkvitækjum með þessum afleiðingum. Það var blóð úti um allt,“ segir Jón. „Þetta hefur verið hryllilegt og óþolandi ástand í húsinu. Ég fullyrði að íbúar eru logandi hræddir og þora ekki út um helgar. Óeirðaseggirnir haga sér eins og villimenn. Hér búa meðal annars fjölskyldur með börn og eldri borgarar sem eru dauðskelkaðir.“

Útlendingarnir eru starfsmenn verktakafyrirtækis sem leigir íbúðina fyrir þá. Að sögn íbúa hússins hafa mest tuttugu útlendingar búið í íbúðinni í einu.

Neyðarfundur var haldinn í fjölbýlishúsinu eftir slagsmálin. „Íbúarnir í húsinu hafa verið fangar á eigin heimilum af hræðslu við þessa villimenn. Lögreglan hvetur okkur til að kæra slagsmálin og skemmdarverkin og við ætlum okkur að gera það,“ segir Jón.

Ekki náðist í neinn talsmann verktakafyrirtækisins sem mennirnir vinna fyrir, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.



## *Miðlun, skynjun og samkennd*

### VERKEFNI 5 VIÐTÖL

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla og túss/krít

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, menning og sjálfsmynd/þjóðerni

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- velti fyrir sér aðstæðum innflytjenda á Íslandi
- grafist fyrir um þekkingu annarra á aðstæðum innflytjenda á Íslandi
- læri að móta spurningar, taka viðtöl og vinna úr þeim
- greini upplýsingar og setji þær í stærra samhengi samfélagsmála
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Heimildarmyndin**

Kennari biður nemendur að punkta hjá sér allt sem kom þeim á óvart og þeir lærðu af myndinni, t.d. um menningu, tungumál og aðstæður og áskoranir sem geta mætt innflytjendum á Íslandi.

##### **2. Hugflæði og samantekt**

Bekkurinn fer saman yfir þau atriði sem komu á óvart og kennari skrifar þau upp á töflu. Í framhaldi af því leiðir kennari umræður um gloppur sem kunna að vera í þekkingu fólks á aðstæðum innflytjenda á Íslandi. Bekkurinn mótar svo í sameiningu spurningar til að kanna viðhorf til innflytjenda og þekkingu á aðstæðum þeirra. Spurningarnar gætu t.d. verið á þessa leið:

- Hverjar heldur þú að séu helstu áskoranir og erfiðleikarnir sem mæta innflytjendum á Íslandi?
- Hvaða áhrif heldur þú að það hafi á sjálfsmynd fólks að setjast að í nýju landi?
- Hvernig heldur þú að það sé að búa fjarri vinum og fjölskyldu?
- Hvaða áhrif heldur þú að tungumálakunnátta hafi á starf og nám?
- Hvaða áhrif heldur þú að tungumálakunnátta hafi á félagslíf?
- Hvaða hversdagslegu hlutir heldur þú að gætu reynst flóknir fyrir innflytjendum?
- Hvernig heldur þú að fordómar gagnvart innflytjendum birtist helst á Íslandi?
- Hvað heldur þú að valdi því að fólk ákveður að flytja burt frá öllu sem það þekkir og setjast að í nýju landi?
- Hvað telur þú að væri hægt að gera til að auðvelda innflytjendum að koma til Íslands og búa hér á landi?
- Hvaðan hefur þú upplýsingar og þekkingu á aðstæðum innflytjenda á Íslandi?

Mikilvægt er að kennari gæti þess að spurningar séu opnar og án sleggjudóma.

### 3. Viðtöl

Nemendum er skipt í pör sem vinna saman. Hvert par tekur tvö viðtöl sem byggjast á spurningunum. T.d. mætti taka viðtöl við fjölskyldumeðlimi, vegfarendur, nemendur í skólanum, kennara eða annað starfsfólk skólans. Kennari ræður hvort viðtölin eru hluti af heimavinnu eða unnin í kennslustund. Pörin vinna svo úr viðtölunum og skrifa stutta samantekt þar sem svör viðmælenda eru greind og borin saman.

### 4. Kynning og umræður

Pörin kynna bekknum niðurstöður sínar. Þegar allir hafa kynnt verkefnið sín leiðir kennari umræður um svörin sem fram komu og viðhorfin sem þau lýsa. Kom eitthvað nemendum á óvart? Finnst þeim þekkingu fólks í einhverju ábótavant? Ef svo er, hvað mætti gera til að bæta úr því?



## *Miðlun, skynjun og samkennd*

### VERKEFNI 6 HVERJU GET ÉG BREYTT?

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni, saga og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla, krít/túss, bókasafn, tölva tengd Netinu

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf og menning

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- velti fyrir sér áskorunum og erfiðleikum sem innflytjendur á Íslandi kunna að standa frammi fyrir
- hugsu um hvernig megi bæta aðstæður innflytjenda á Íslandi
- læri um einstaklinga sem hafa bætt samfélagið sitt og leita leiða til að gera slíkt hið sama
- greini upplýsingar og setji þær í stærra samhengi samfélagsmála
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUÆFERÐ**

##### **1. Heimildarmyndin**

Kennari biður nemendur að velja fyrir sér erfiðleikum og áskorunum sem börnin í myndinni gætu staðið frammi fyrir, t.d. í tengslum við skóla, tungumál, vinasambönd o.fl.

##### **2. Umræður**

Nemendur ræða og greina frá erfiðleikum og áskorunum sem þeir tóku eftir í myndinni. Kennari skrifar niðurstöður á töfluna.

##### **3. Hópvinna**

Nemendum er skipt í þriggja til fjögurra manna hópa sem fá það verkefni að kynna sér fordæmi fólks sem hefur haft áhrif á gang sögunnar og breytt samfélagi sínu. Nefna má t.d. Bríeti Bjarnhéðinsdóttur, Martin Luther King Jr., Rosa Parks, Vigdís Finnbogadóttur og Gandhi, auk annarra sem kennara dettur í hug.

Í kjölfarið eiga nemendur að finna aðferðir til að takast á við áskoranirnar sem rætt var um. T.d. með því að breyta reglum í skólanum, ganga til liðs við félagasamtök, stofna aðgerðahópa eða búa til fræðsluefni.

##### **4. Umræður**

Bekkurinn fer í sameiningu yfir hugmyndirnar sem fram komu og leitar leiða til að hrinda þeim í framkvæmd.

#### **VERKEFNINU FYLGT EFTIR**

Ef nemendur vilja grípa til aðgerða má hugsa sér að verkefnið verði unnið áfram yfir langt tímabil, t.d. í hópstarfi.



## *Breytingar, áskoranir og erfiðleikar*

### VERKEFNI 7 ÁSKORANIR Í NÝJU LANDI

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla og túss/krít

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, fordómar, framtíð, íslenska, menning, sjálfsmynd/þjóðerni, staðalmyndir, tungumál, vinátta, öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- átti sig á ýmsum áskorunum og erfiðleikum sem geta mætt innflytjendum í nýju landi
- geri sér grein fyrir ábyrgð samfélagsins á móttöku innflytjenda
- velti fyrir sér hvað megi gera til að auðvelda innflytjendum komuna til Íslands og dvöl hér á landi
- setji sig í spor annarra
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Hugmyndir punktaðar niður**

Kennari segir sögu af því þegar hann (eða einhver sem hann þekkir) var í útlöndum og lenti í klípu af því hann misskildi eitthvað. Hann spyr nemendur svo hvort þeir hafi upplifað eitthvað svipað. (Ef kennari hefur enga slíka sögu á takteinum má nefna sögu sem margir þekkja um íslenska námsmanninn sem var nýkominn til Svíþjóðar. Hann fór í málningarvöruverslum og bað um bæ. Afgreiðslumaðurinn rak upp stór augu því orðið þýðir kúkur á sænsku.)

Í framhaldi af þessu biður kennarinn nemendur að gera sér í hugarlund hvaða áskoranir og erfiðleikar geti mætt innflytjendum þegar þeir koma til nýs lands. Nemendurnir eru beðnir að punkta meginatriði niður.

##### **2. Heimildarmyndin**

Nemendur eiga að vinna verkefni um börnin í myndinni. Nemendum er skipt í hópa þar sem hver hópur fær eitt barn (Guerby – Jakub – Jens – Nasipe – Nazima) úr myndinni til að fjalla um. Ef langt er um liðið frá því að nemendur horfðu á myndina má sýna 1. kafla hennar aftur.

##### **3. Hópvinna**

Hóparnir velta fyrir sér hvort börnin í myndinni og fjölskyldur þeirra búi við sömu aðstæður og þeir sem fæðast á Íslandi. T.d. má ræða eftirfarandi spurningar:

- Hvaða máli skiptir að hafa gott vald á tungumálinu sem talað er þar sem maður býr?

- Hvaða áhrif getur flutningur milli landa haft á daglegt líf fólks, t.d. nám og störf?
- Hafa innflytjendur sömu tækifæri og fólk sem fyrir er á Íslandi?
- Hvaða áskoranir og erfiðleikar geta mætt innflytjendum á Íslandi?
- Er daglegt líf barnanna í myndinni frábrugðið lífi barna af íslenskum uppruna? Ef svo er, hvernig?
- Er tengslanet innflytjenda frábrugðið tengslaneti innfæddra Íslendinga? Ef svo er, hvaða áhrif hefur það?
- Er komið fram á mismunandi hátt við innflytjendur og innfædda Íslendinga í daglegu lífi? Ef svo er, að hvaða leyti?

#### 4. Kynning og umræður

Hóparnir kynna niðurstöður sínar og bekkurinn ræðir þær í sameiningu. Kennari leiðir umræður um ábyrgð samfélagsins á móttöku innflytjenda.

#### 5. Heimavinna

Nemendur varpa fram hugmyndum um hvað megi gera til að auðvelda innflytjendum komuna til Íslands og dvöl hér á landi. Þeir skrifa lista sem þeir skila til kennara. Bekkurinn fer svo í sameiningu yfir listana og býr til einn lokalista sem hengja má upp í skólastofunni.

#### VERKEFNINU FYLGT EFTIR

Bekkurinn fer yfir listann og veltir fyrir sér hvaða hugmyndir nemendur gætu sjálfir framkvæmt. Nemendur velja svo verkefnið sem þeim fellur best og vinna að því yfir lengri tíma.



## Breytingar, áskoranir og erfiðleikar

### VERKEFNI 8 ÖRYGGI

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla og túss/krít

**TÍMI:** Tvær kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, fordómar, íslenska, menning, sjálfsmynd/þjóðerni, staðalmyndir, stríð, tungumál, vinátta og öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- öðlist skilning á því hversu margir mismunandi þættir eru forsenda öryggis og öryggistilfinningar
- átti sig á að margt sem flestum Íslendingum þykir sjálfsagt og veitir öryggi – t.d. að hafa fullt vald á íslensku, vita hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í samfélaginu og hafa aðgang að fjölskyldu og vinum – er ekki sjálfgefið fyrir innflytjendur
- velti fyrir sér áskorunum og erfiðleikum sem mæta innflytjendum í nýju landi
- setji sig í spor annarra
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### KENNSLUAÐFERÐ

##### 1. Umræður

Kennari skrifar orðið „öryggi“ upp á töflu, biður nemendur að skilgreina það og skrifar ólíkar hugmyndir á töfluna. Ef hugmyndir nemenda um öryggi eru fremur einsleitar leiðir kennari talið að því hversu fjölbætt hugtakið er.

Hugmynd að skilgreiningu á öryggi:<sup>18</sup>

Fyrst var rætt um mannöryggi í skýrslu Þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1994. Mannöryggi miðast við einstaklinga og samfélög en ekki ríki og ríkisstjórnir og tekur bæði til mannréttinda og þróunarstarfs. Í skýrslunni eru sjö víddir mannöryggis skilgreindar. Þær eru efnahagslegt öryggi, fæðu-, heilsu-, og umhverfisöryggi, persónulegt, samfélagslegt og pólitískt öryggi.<sup>19</sup>

Ræða má öryggi við nemendur út frá þessum ólíku þáttum. (Athugasemd til kennara: Þessa umræða tengist einnig þarfapíramída Maslows, þar sem sýnt er að öryggi er ein af grunnþörfum manneskjunnar). Sjá einnig umfjöllun um mannöryggi í *Kompás – Handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk*.<sup>20</sup>

<sup>18</sup> Skilgreining þessi er í anda hugmynda um mannöryggi (e. human security), sem mikið hefur borið á í öryggisfræðum undanfarin ár. Sjá t.d. Mary Kaldor, *Human Security*, Cambridge og Malden, Polity Press, 2007.

<sup>19</sup> United Nations Development Programme, *Human Development Report 1994*, New York, UNDP og Oxford University Press, 1994.

<sup>20</sup> Bókin kom út hjá Námsgagnastofnun árið 2009. Hún er einnig til í stafrænni útgáfu á slóðinni <http://www.nams.is/kompas/index.html>. Sjá umfjöllun um mannöryggi á bls. 367.



## 2. Heimildarmyndin

Kennari biður nemendur að hugsa um sínar upplifanir af öryggi og öryggisleysi og vera meðvitaðir um þær með hliðsjón af myndinni.

## 3. Hópvinna

Kennari skiptir nemendum í hópa og biður þá að ræða öryggi innflytjenda á Íslandi með hliðsjón af aðstæðum barnanna í myndinni. Mikilvægt er að hafa fjölþætta merkingu öryggishugtaksins í huga.

M.a. má velta fyrir sér eftirfarandi spurningum:

- Hvaða áhrif hefur tungumálakunnátta á öryggi?
- Hvaða þættir daglegs lífs geta reynst erfiðir ef maður hefur ekki vald á tungumálinu sem talað er í samfélaginu? Varða einhverjir þeirra grundvallaröryggi fólks?
- Hvaða áhrif getur skortur á skilningi á fréttum og þjóðfélagssumræðu haft á öryggi?
- Hefur nálægð við fjölskyldu og vini áhrif á öryggi? Ef svo er, að hvaða leyti?
- Búa börnin í myndinni við minna eða meira öryggi eftir að þau fluttu til Íslands? Af hverju?
- Hvaða áhrif hefur þekking á umhverfi og aðstæðum á öryggi?
- Hvaða áhrif geta neikvæðar staðalmyndir haft á öryggi innflytjenda?

Hóparnir kynna niðurstöður sínar fyrir bekknum og ræða ólíkar hugmyndir.

## 4. Heimavinna

Nemendur ímynda sér að þeir séu innflytjendur í öðru landi, kunni ekki tungumálið sem þar er talað og hafi takmarkaðan skilning á ríkjandi menningu og óskrifuðum samfélagsreglum. Þeir skrifa bréf til besta vinar síns á Íslandi um upplifun sína.



## *Fjölmennning, tungumál og önnur lönd*

### **VERKEFNI 9 ÍSLENSKA**

**NÁMSGREINAR:** Íslenska, leiklist, lífsleikni og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin og miðar fyrir leik (sjá fylgiefni)

**TÍMI:** Ein kennslustund

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, íslenska, tungumál og öryggi

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- átti sig á hversu mikilvægt er að hafa tungumál á valdi sínu
- temji sér umburðarlyndi í garð þeirra sem eru að læra íslensku
- geri sér grein fyrir hversu sértækan orðaforða getur þurft til að sinna hversdagslegum erindum
- velti fyrir sér áskorunum og erfiðleikum sem mæta innflytjendum í nýju landi
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUAÐFERÐ**

##### **1. Tungumálaleikur**

Nemendum er skipt í tvö lið sem gera til skiptis. Liðið sem á leik velur tvo fulltrúa, annan til að leika og hinn til að giska. Sá sem leikur dregur miða þar sem vissum aðstæðum er lýst (sjá fylgiefni) og leikur þær fyrir þann sem giskar. Sá á að geta sér til um hverjar aðstæðurnar eru og hvað hinn vill. Liðin skiptast á að gera og það lið sem giskar oftast á rétt svar vinnur. Ef leikmaður nefnir eitt bannorðanna á hitt liðið leik. Kennari ákveður hver tímamörkin í hverri umferð eru og gætir þess að liðsmenn skiptist á að vera fulltrúar síns liðs. Kennari ræður hversu margar umferðirnar eru, en markmiðið er að sýna nemendum hversu sértækan orðaforða getur þurft til að sinna hversdagslegum erindum.

##### **2. Heimildarmyndin**

Horft er á 7. kafla myndarinnar. Nemendur eru beðnir að taka sérstaklega eftir því sem börnin segja um íslensku og tungumálakunnáttu og punkta það hjá sér.

##### **3. Umræður**

Kennari leiðir umræður um gildi tungumálakunnáttu í daglegu lífi og vísar í kaflann úr heimildarmyndinni og tungumálaleikinn eftir því sem kostur er. M.a. má ræða eftirfarandi spurningar:

- Hvað situr eftir hjá nemendum eftir að hafa horft á myndina?
- Hvað situr eftir hjá nemendum eftir leikinn?
- Hvernig tengist íslenskukunnátta efni myndarinnar?
- Hvaða áhrif hefur íslenskukunnátta barnanna á líf þeirra?
- Hvert er viðhorf barnanna til íslenskrar tungu?
- Hvaða viðhorfi mæta þeir sem kunna takmarkaða íslensku?

- Hvað geta nemendur gert til að koma til móts við þá sem eru að læra íslensku?
- Hvernig líður manni þegar maður hefur ekki tungumálakunnáttu til að gera sig fyllilega skiljanlegan?
- Hvaða tungumál ætti maður að tala við innflytjendur?
- Hvernig læra innflytjendur íslensku?
- Hvaða hversdagslegu aðstæður gætu verið flóknaar fyrir þá sem kunna ekki íslensku?

## TUNGUMÁLALÉIKUR

Miðarnir eru klipptir út fyrir liðin í tungumálaleiknum

<p>Þú ert að byrja í nýjum skóla. Þú ferð á skrifstofuna og spyrð hvar stofan þín er. Hún er númer hundrað og eitt og þú átt að vera í lífsleikni. Þú spyrð líka hvar matsalan er.</p> <p>Þú mátt hvorki nota töluorð né segja orðin skóli, stofa, tími, lífsleikni, matsala eða matur.</p>	<p>Þú ert við afgreiðsluna í sundlaug. Þú vilt fara í sund en þarft að fá handklæði og sundföt lánuð. Þú biður líka um sundbolta og kút.</p> <p>Þú mátt ekki segja sundlaug, sund, handklæði, sundföt, sundskýla, sundbolur, bikini, sundbolti, bolti eða kútur.</p>
<p>Þú ert í matvörubúð og þarft að kaupa klósettpappír, vínber, rjóma, tannþráð og sjampó. Þú spyrð starfsmann hvar þessa hluti er að finna.</p> <p>Þú mátt ekki segja matvörubúð, búð, matur, klósettpappír, vínber, rjómi, tannþráður eða sjampó.</p>	<p>Þú ert á pitsustað. Þú pantar stóra pitsu með ansjósum, ananas, eggj og nautahakki.</p> <p>Þú mátt ekki segja pitsustaður, pitsa, stór, ansjósur, ananas, egg eða nautahakk.</p>
<p>Þú ætlar í bíó með vinum þínum og ert í afgreiðslunni. Þú pantar fimm miða á nýjustu rómantísku gamanmyndina.</p> <p>Þú mátt hvorki nota töluorð né segja orðin bíó, kvikmyndahús, bíómynd, mynd, miði, rómantik eða gaman.</p>	<p>Þú ert í íþróttavörubúð. Þú biður afgreiðslumann um hjól, fótbolta, skauta, balletskó og sippuband.</p> <p>Þú mátt ekki segja íþróttavörubúð, íþróttir, hjól, fótbolti, bolti, skautar, balletskór, ballet, sippuband eða sippa.</p>
<p>Þér er mjög illt í maganum og þú ert með höfuðverk. Þú ferð á heilsgæslustöðina og talar við manninn í afgreiðslunni. Þú reynir að útskýra einkennin og vilt hitta lækni.</p> <p>Þú mátt ekki segja magi, höfuð, illt, verkur, veikur, sársauki eða læknir.</p>	<p>Þú ert í bakarí og biður um þrjá kleinuhringi með karamellu og einn með súkkulaði.</p> <p>Þú mátt hvorki nota töluorð né segja orðin bakarí, súkkulaði, karamella eða kleinuhringur.</p>



## *Fjölmennung, tungumál og önnur lönd*

### VERKEFNI 10 HVAÐ ER ÍSLENSKT?

**NÁMSGREINAR:** Lífsleikni, saga og samfélagsfræði

**ALDURSHÓPUR:** Unglingastig grunnskóla

**EFNI/GÖGN:** Heimildarmyndin, tafla, túss/krít og aðgangur að Netinu/bókasafni

**TÍMI:** 1–2 kennslustundir

**LYKILORÐ:** Daglegt líf, menning, saga og sjálfsmynd/þjóðerni

**MARKMIÐ:** Nemendur ...

- velti fyrir sér hvað getur talist íslenskt
- átti sig á að ýmislegt í íslensku hversdagslífi, m.a. sumt af því sem gjarnan er talið „mjög íslenskt“, er erlent að uppruna
- geri sér grein fyrir að hugmyndir um þjóðerni eru ekki fastmótaðar og að daglegt líf fólks breytist í tímans rás
- læri um uppruna ýmissa fyrirbæra sem eru hluti af daglegu lífi barna á Íslandi
- fái innsýn í líf innflytjenda og barna innflytjenda á Íslandi

#### **KENNSLUÁÐFERÐ**

##### **1. Heimildarmyndin**

Horft er aftur á 1., 2. og 4. kafla myndarinnar. Kennari biður nemendur að taka vel eftir því sem fram kemur í myndinni um áhugamál og daglegt líf barnanna. Hann biður nemendur svo að gera lista yfir áhugamál barnanna og hluti sem tengjast þeim. Dæmi gætu verið skák, tafl, hestar, hestamennska, fótbolti, reiðhjól, rokktónlist, gítar, bassi, píanó, lestur og bækur.

##### **2. Heimavinna**

Nemendur telja upp atriðin sem þeir punktuðu hjá sér og kennari skrifar þau upp á töflu. Nemendum er svo skipt í hópa. Hver hópur velur eitt atriði af listanum til að kynna sér og segja bekknum frá. Í kynningunni þarf að koma fram hvernig og hvar hluturinn varð til. Það þarf líka að taka fram hvernig hluturinn tengist Íslandi, hvort hann varð til hér eða hvenær og hvernig hann kom til landsins.

##### **3. Umræður**

Að kynningunum loknum leiðir kennari umræður um daglegt líf á Íslandi í dag. M.a. getur hann velt upp eftirfarandi spurningum:

- Hvernig hefur íslenskt hversdagslíf breyst í aldanna rás? (T.d. má benda á breytta matarmenningu, íþróttahefðir, afþreyingu o.fl.)
- Eru fyrirbæri sem nýlega hafa numið land „minna íslenskt“ en þau sem lengri hefð er fyrir? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Er íslensk menning í raun og veru íslensk ef hún samanstendur af fjölda erlendra þátta? Hvers vegna eða hvers vegna ekki?
- Hvað er íslenskt?
- Hvað gerir mann íslenskan?

- Getur hver sem er orðið íslenskur? Ef svo er, hvernig?
- Getur Íslendingur orðið útlenskur? Ef svo er, hvernig?

#### 4. Framhaldsheimavinna

Nemendur skrifa stutta ritgerð þar sem eftirfarandi spurningum er svarað:

- Hvernig væri Ísland ef engra erlendra áhrifa gætti hér á landi?
- Hvers myndir þú sakna?

#### ÍTAREFNI

Áhugavert gæti verið fyrir kennara að kynna sér pistil eftir Anthony Giddens um uppruna þjóðlegra hefða sem fluttur var í útvarpi BBC árið 1999. Hann má nálgast á slóðinni:

<http://www.bbc.co.uk/radio4/reith1999/lecture3.shtml>

Hann er einnig að finna í bókinni *Runaway World* eftir Giddens.<sup>21</sup>

---

<sup>21</sup> Giddens, Anthony. *Runaway World: how globalisation is reshaping our lives*, London, Profile Books, 2002.

# Vegurinn Heim

Heimildarmynd um fjölmenningu á Íslandi  
Kennsluleiðbeiningar



*Vegurinn heim* er hjartnæm íslensk heimildarmynd, byggð á viðtölum við fimm börn innflytjenda á Íslandi. Í henni ræða börnin líf sitt og tilveru hér á landi og lýsa upplifun sinni af því að vera á mörkum ólíkra menningarheima. Myndinni fylgja aðgengilegar kennsluleiðbeiningar. Þar eru fjölbreyttar og áhugaverðar hugmyndir að umfjöllun um efni myndarinnar fyrir nemendur á öllum aldursbilum grunnskóla. Efnið er þarft innlegg í kennslu og umræðu um fjölmenningu hér á landi.

Höfundar eru Jón Gunnar Ólafsson og Oddný Helgadóttir

Myndin er ríflega 26 mínútur að lengd og skiptist í níu hluta:

- 1. Kynning á börnunum
- 2. Fjölskyldan
- 3. Koman til Íslands
- 4. Vinirnir
- 5. Skólinn
- 6. Hitt landið

- 7. Tungumálið
- 8. Fordómar
- 9. Líkt/ólíkt

